

Þannig samþykkt á aðalfundi Verslunarbanka Íslands h/f hinn 7. apríl 1973.

Framanritaðar samþykktir staðfestast hér með sem samþykktir fyrir Verslunarbanka Íslands h/f. Jafnframt eru úr gildi fallnar samþykktir nr. 19 18. mars 1961 fyrir Verslunarbanka Íslands h/f.

Viðskiptaráðuneytið, 4. apríl 1974.

Lúðvík Jósefsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

10. apríl 1974.

Nr. 155.

AUGLÝSING

um umferð í Hafnarkauptúni, Austur-Skaftafellssýslu.

Samkvæmt heimild í umferðarlögum nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Hafnarhrepps, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Hafnarkauptúni:

1. Mesti leyfilegur hraði innan marka kaupsins skal vera 45 km á klukkustund.
2. Bönnuð er staða ökutækja á Hafnarbraut, þ. e. við hægri vegarbrún, þegar ekið er frá norðri til suðurs, eða eins og sagt er á máli heimamanna, ekið út Hafnarbraut. Gildir takmörkun þessi frá mótum Víkurbrautar og til endimarka Hafnarbrautar við athafnasvæði hafnar.
3. Þrjár götur skulu hafa aðalbrautarréttindi, þær eru: Hafnarbraut, Víkurbraut og Kirkjubraut.
- A. **Hafnarbraut.** Umferð um allar götur, sem liggja að Hafnarbraut, hefur stöðvunarskyldu gagnvart umferð á Hafnarbraut. Göturnar eru: Ónefndur vegur frá golfvelli og mjólkurstöð, ónefndur vegur frá nýjum sorphaugum, ónefndur vegur frá Brautarholti, ónefndur vegur frá vatnstanki, Fiskhóll, Víkurbraut, Kirkjubraut, Tjarnarbrú, Svalbarð, Höfðavegur, Skólalbrú, Bogaslóð, hafnarsvæði.
- B. **Víkurbraut.** Götur þær, sem að henni liggja, en umferð frá þeim hefur biðskyldu gagnvart umferð á Víkurbraut, eru: Kirkjubraut, Hlíðartún, Miðtún, Fiskhóll, ónefnd gata við vegagerðarlóð, ónefnd gata milli Hreppuvegar og Víkurbrautar, Hreppuvegur og ónefndur vegur úr Álaugarey v/rafstöð.
- C. **Kirkjubraut.** Götur þær, sem að henni liggja, en umferð frá þeim hefur biðskyldu gagnvart umferð á Kirkjubraut, eru: Miðtún, Hagatún, ónefndur vegur frá kirkju og Vesturbraut.
4. Einstefnuakstur er á hluta Bogaslóðar, eða frá Hafnarbraut að Ránarslóð. Á þessu vegarsvæði ber að leggja ökutækjum við vinstri vegarbrún.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, og koma til framkvæmda 1. júní n. k.

Lögreglustjórnin á Höfn í Hornafirði, 10. apríl 1974.

Friðjón Guðröðarson.